



Sjúkraliðafélag Íslands

Reykjavík 1.mars 2019.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Sölvhólsgata 4,

101 – Reykjavík

Málefni: Drög að frumvarpi til laga Nr. S-56/2019, um menntun og ráðningu kennara og skólastjörnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Sjúkraliðafélag Íslands fagnar drögum að frumvarpi til laga mennta- og menningarmálaráðherra nr. S-56/2019. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að stéttir sem eru með löggilt starfsréttindapróf geti kennt nemendum sem faggreinin nær yfir, að viðbættum uppeldis- og kennslufræðum.

Sjúkraliðar eru vel menntuð fagstétt. Fjölmargir sjúkraliðar hafa auk þess bætt við sig árs viðbótarnámi á 4. hæfniþrepi framhaldsskóla í hinum ýmsu greinum hjúkrunar s.s. öldrunar- og geðhjúkrun, auk náms í sérhæfðum störfum.

Nú liggur fyrir ménnta- og menningarmálaráðherra tillaga þess efnis að færa viðbótarnám sjúkraliða á annað skólastig, fagháskólastig (diplómanám). Um er að ræða þróunarverkefni, sem ætti að fela það í sér ef að verður að gera sjúkraliða enn hæfari til kennslu í sinni faggrein.

Virðingarfyllst,

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands

Sandra B. Franks, formaður SLFÍ

Birna Ólafsdóttir, formaður fræðslunefndar SLFÍ